

Stjórnarfundur Leiknar 10. september 2013, kl. 10-16 hjá Símei, Akureyri

Mættir: Hildur Betty Kristjánsdóttir frá Símei, Eyrún Valsdóttir frá Félagsmálaskóla alþýðu, Smári Haraldsson frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Anna Lóa Ólafsdóttir frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Iðunn Antonsdóttir frá Námsflokkum Reykjavíkur, Guðrún Lárusdóttir frá Endurmenntun Landbúnaðarháskólans og Hulda A. Arnljótsdóttir frá Fræðslusetrinu Starfsmennt.

Dagskrá:

1. Kynning stjórnarmanna, stjórn skiptir með sér verkum.
2. Fundaráætlanir stjórnar 2013-2014.
3. Farið stuttlega yfir málefni síðasta vetrar.
4. Hæfniramma um íslenskt menntakerfi, athugasemdir Leiknar.
4. Dagsetja fræðslufjarfundi og ákveða efni og dagsetningar.
5. Klára að vinna úr stefnumótunargögnum og búa til verkefnalista.
6. Fjölgun félagsaðila – umræða um það og hver næstu skref.
7. Heimasíða Leiknar – verkaskipting og ábyrgðasvið.
8. Ráðstefna – skipulagning og verkaskipting.
9. Önnur mál.

Hildur nýkjörin formaður bauð fundarmenn velkoma og fór yfir dagskrána þennan fyrsta vinnudag stjórnar. Fyrsti liður var að ný stjórn skipti með sér verkum.

1. **Kynning stjórnarmanna, stjórn skiptir með sér verkum.**

Eftir nokkrar umræður var ákveðið að Hulda tæki að sér ritarastarf, Guðrún yrði gjaldkeri, Eyrún varaformaður, Iðunn meðstjórnandi og Anna Lóa og Smári varamenn sem tækju þátt í öllum fundum. Betty vildi ræða sérstaklega bókhaldið eins og hvernig endurgreiðslur til stjórnarmanna fara fram. Hún telur vera betra að endurgreiða kostnað beint á fyrirtæki/félög en ekki til einstakra stjórnarmanna. Það er betra að nota kort Leiknar fyrir allan útlagðan kostnað og að gjaldkeri sjái um allar stærri kostnaðarliði. Ákveðið að reyna þetta fyrirkomulag að greiða sem mest með korti Leiknar og greiða annan útlagðan kostnað til lögaðila en ekki einstaklinga, ef hjá því verður komist. Einnig ákveðið að endurskoða síðar hvernig þetta fyrirkomulag hefur gefist.

2. **Fundaráætlun stjórnar 2013-2014.**

Fundartímar stjórnar voru ákveðnir miðvikudaginn 23. okt. kl. 10, miðvikudagur 13. nóv. kl. 13 og föstudagur 6. des. kl. 13-16. Í kjölfar þessarar umræðu var ákveðið að hnika til dagskrá og taka lið 8, sem tengdist verkefnaumræðu beint.

3. **Norræn ráðstefna** er fyrirhuguð í tengslum við norrænan fund- Nordic Baltic samtakanna, og kemur það í hlut Íslendinga að sjá um þá framkvæmd. Fyrir fundinum lá að skoða um hvað ætti að fjalla á þessari ráðstefnu, hvenær væri heppilegt að halda hana og hvernig gætum við

nýtt framlag og þekkingu norrænu gestanna. Nordic Baltic eru óformleg samtök fullorðinsfræðsluáðila og á fyrri ráðstefnum hefur verið fjallað um t.d. upplýsingatækni í námi. NVL hefur verið virkt í að bjóða upp á fjarfundi sem öflug samtök og standa fyrir ráðstefnu t.d. föstudaginn 13. sept. um tæknistutt nám. Stjórn Leiknar lét því hugann reika til að finna annarskonar þema og láta allt flakka í þankahríð:

Smári ræðir framhaldsfræðsluna í tengslum við aðra fullorðinsfræðslu og hvernig skilum og samstarfi er háttað. Hvert er geirinn að þróast, hvaða áhersla er lögð á í löndunum í kringum okkur? Hvaða kerfi eru í gangi? Hvar er raunfærnimat statt og hver er mismunurinn á milli landa. Skilja allir raunfærnimat sama skilningi? Hvernig meta norðurlandþjóðirnar raunfærni t.d. á háskólastigi, hvert er verklagið og hvernig er kostnaður greiddur? Hvað af réttindum og námi er metið og hvað ekki? Hvaða matsaðferðir eru notaðar og hvernig má auka fjölbreytni í þeim matsaðferðum? Hulda stakk upp á samfélagslegum vinkli á þróun fullorðinsfræðslu, hvar liggja áherslurnar, hver er aðalmarkhópurinn til að hækka menntunarstig, getur það breyst, t.d. við niðurskurð. Hvernig má efla raunfærnimat á háskólastigi, það er geiri sem hefur ekki innleitt raunfærnimat. Talið var að við þyrftum að beina sjónum okkar að þeirri fullorðinsfræðslu sem er að detta á milli skips og bryggju í hæfnimælingum, s.s. menningartengt nám, óformlegt tónlistar- og listnám, þátttaka í samfélagslegum verkefnum o.s.frv. Gæti þemað verið um stöðu fullorðinsfræðslu og framkvæmd óformlegs náms og tengsl við formlega skólakerfið? Hvernig getum við eftl raunfærnimat í þeim geira, og stutt við þróun kennsluáðferða og matsleiða? Hvernig eigum við núna að skilgreina óformlegt nám? Af hverju eru alltaf einingar lagðar til grundvallar og hvaða hópum mun það ekki nýtast? Af hverju þessi mælingarárátta? Hvað annað getur stutt við nám? Hvernig getum við metið listir, menning, tónlist, matreiðsla, sögulegan fróðleikur, sem jafngilt nám á við annað? Hversu ráðandi er íslenski hæfniramminn, mun hann vængstífa okkur og setja okkur í kassa? Felur hann í sér of mikla stigskiptingu/hólf/innbyggða fordóma? Er ramminn of stýrandi og gætir ekki nóg að fjölbreytileika? Vantar tengingu hæfnirammans við vinnumarkaðinn og hvernig má nálgast það mál? Getur ramminn tekið við nýjungum á skjótan máta? Annað álitamál er ávinningur fullorðinna nemenda af því að klára formlegt nám. Af hverju er stundum mótstaða frá ýmsum aðilum s.s. vinnustöðum, stéttarfélögum og starfsgreinaráðum varðandi hækkandi menntunarstig? Hvert er samband náms og kennslu við núverandi stöðu á vinnumarkaði s.s. atvinnuleysi og framtíðarþróun starfa? Hvað er alhliða námsmenning og hvernig er hún metin? Hvernig getum við eftl námsmenningu á vinnustöðum og meðal fólks? Eftl virðingu fyrir allskonar námi. Hulda lagði áherslu á að vinna með hugtakið „námsmenning“ sem felur í sér alhliða nálgun á menntun, fjölbreytileika og „inclusion“. Gefur færi á að fjalla um símenntun á nýjum nótum. Hvernig þróun kennslu, hvernig mat og nýjar matsaðferðir og tengsl við atvinnulífið. Hvernig má efla samræðu menntunar og atvinnulífs. Ákveðið að hugsa þessar hugmyndir aðeins nánar og vinna ráðstefnuna út frá vinnuheitinu: Námsmenning og (ný)sköpun. Smára finnst fýsilegt að fá sýn annarra þjóða á hugtakið námsmenning. Við erum að skoða viðhorf til náms, einstaklingssýn, viðhorf atvinnulífsins, viðhorf skólakerfisins, viðhorf sérfræðinga og vitundarvakningu um gildi náms. Tengja hugtakið út í umhverfið, fyrirtækin, samfélagið - það á að vera eftirsóknarvert að vera að læra. Skoða tengsl, samræðu, gildi og ávinning.

Ákveðið var að melta allar þessar hugmyndir og ræða síðar ásamt því að hver og einn setji niður fyrir sér sína sýn á málið: Námsmenning. Iðunn sagði að gott væri að velta fyrir sér hvernig verkefninu á Hofsósi reiddi af um aukna menntun í þorpinu. Ákveðið var að halda norrænu ráðstefnuna 16. og 17. janúar í Reykjavík og norræna fundinn degi fyrr eða 15. janúar. Guðrún ætlaði að byrja að skoða staðsetningu á höfuðborgarsvæðinu og allir hinir að útfæra þessar hugmyndir fyrir næsta fund. Þá þyrfti að skrifa bréf til Nordic Baltic félaganna og bjóða þeim til samstarfs. Betty mun setja það bréf upp með Huldu.

4. **Hæfniramma um íslenskt menntakerfi, athugasemdir Leiknar.**

Betty segir frá athugasemdum Leiknar sem send voru mennta- og menntamálaráðuneytinu sl. vor. Fundur er fyrirhugaður með ráðuneytinu 17. september nk. og ákveðið að Hulda fari með Betty á þann fund. Rætt var um hvað leggja ætti áherslu á og var það helst: ramminn er of bóknámsmiðaður og ekki nægilega tengdur atvinnulífinu og starfsþróun. Einnig er lagt til að kljúfa fyrsta þrepið í tvennt til að ná yfir þann stóra hóp sem er að læra á því þrepi. Getur sú staða komið upp að nemandi er alltaf á fyrsta þrepi og þokast ekkert áfram? Okkar tillaga, eins og margra annarra, er að bæta við einu þrepi og hafa íslenska rammann sambærilegan við þann evrópska. Skoða þarf hvernig fólk færist á milli þrepa, hvernig getur fólk verið á mismunandi þrepum eftir mismunandi hæfnisviðum. Það vantar alla kynningu og samráð við a.m.k. okkur. Hildur Betty og Hulda rifja upp málið og mæta galvaskar á fundinn.

5. **Farið stuttlega yfir málefni síðasta vetrar.**

Búið er að ræða flest það sem einkenndi síðasta starfsár í umræðunum fyrr um daginn, en Guðrún vildi minna á að við þurfum að senda fundarboð út fyrr og upplýsa félagsmenn um hvað er á döfinni og hvað hefur verið gert. Þannig má tryggja það að félagsmenn í Leikn viti betur hvað Leikn stendur fyrir og hefur gert. Líka var bent á að það er ekkert óvanalegt í erli dagsins að fólk muni ekki hvað hver hefur gert eða hvenær. Hulda kom með hugmynd um að fá tilboð í sniðmát fyrir veffréttabréf Leiknar þar sem setja má frá því helsta í örstuttu máli í fallegu rafrænu umhverfi. Ákveðið að skoða síðar og útfæra.

6. **Heimasíða Leiknar- verkaskipting og ábyrgðarsvið.**

Eyrún og Betty munu halda áfram að vinna í heimasíðunni og setja upp skráningasíðu og úthluta aðgangsorðum fyrir alla stjórnarkonur. Smári ætlar að hafa yfirumsjón með að stjórnarkonur gangi sæmilega um vefinn og viðhaldi samræmi upplýsinga og vefútlits. Allir í stjórn munu vera virkir að setja efni á vefinn eftir sínu ábyrgðar- og áhugasviði.

7. **Dagsetja fræðslufundi og ákveða efnistök.**

Rætt um að senda út bréf á netfangalista Leiknar og auglýsa eftir erindum á fjarfræðslufundi um t.d. nám, nýbreytniverkefni, ráðgjöf ofl. sem félagsmönnum dettur í hug. Fyrirkomulag fræðslufundanna er að haldið er erindi í um 20 mínútur og svo verða umræður í 10 mínútur. Þeir sem vilja vera með erindi þurfa að senda inn stutta lýsingu og velja dagsetningu sem stjórn hefur sett upp. Ákveðið að halda 1sta fjarfræðslufundinn 15. október kl. 9 í húsnæði ASÍ undir stjórn Eyrúnar. Næstu fræðslufundir verða 19. nóvember, 4. febrúar, 4. mars, 8. apríl og 6. maí. Ákveðið að bjóða Rannís að halda erindi á 1sta fundinum 15. okt. og fjalla um styrkjaskókn og fyrirmýndarverkefni innan t.d. Nordplus og annarra Evrópuáætlana, sem geta nýst fullorðinsfræðsluaðilum. Önnur góð hugmynd væri að kynna menntaverkefnið í Breiðholti og á Vesturlandsfjórðungi. Huldu falið að spyrja Rannís að halda fyrstu kynninguna.

8. **Fjölgun félagsaðila.**

Farið var í þankahríð um hverjum mætti bjóða félagsaðild í kjölfar ráðstefnunnar og/eða fjarfræðslufundina. Lög Leiknar voru skoðuð og svo hver ávinningur aukinna formlegra samskipta við fyrirtækjaskóla ættu að vera. Listaðir voru upp helstu fyrirtækjaskólar til að átta sig á umfanginu. Nefnd voru: Samskip, Samherji, fræðslueiningar bæjarfélaga s.s. Akureyri, Alcoa, Actavis, Securitas, Alcan, Landsbjörg og fleiri fræðslueiningar innan 3ja geirans, Húsasmiðjan, Byko, Icelandair, Isavia, ýmis öldrunar- og hjúkrunarheimili,

Menntasmiðja kvenna, listnámskeið innan listaskóla, Össur og Marel. Ákveðið að fara rólega af stað og nálgast valdar fræðslueiningar innan fyrirtækja. Það er umhugsunarvert hvort við þurfum af fara í lagabreytingar til að geta nálgast þessi fyrirtæki. Ákvæði um „non-profit“ stoppar margt en það má ekki stoppa okkur ef þróunin er í þessa átt. Við viljum tengjast atvinnulífinu og læra af þeim á gagnvirkan hátt? Efla þarf samræðuna til að ná samhæfingu í námsnálgunum t.d. út frá mati á fyrirtækja-/stofnananámi inn á þrep íslenska hæfnirammans. Rætt var um öflugan markaðsetningu í kjölfar ráðstefnunnar sem fyrirhugað er að hafa á næsta ári. Einnig að bjóða fyrirtækjum að fylgjast með fræðsluerindum Leiknar í vetur og tengjast þannig Leikn.

9. Önnur mál.

Önnur mál voru engin en eftirfarandi verkáætlun var sett upp til minnis eftir starfsdaginn. Betty mun skrifa þrjú bréf sem kastað verður á milli. Um er að ræða: 1) bréf til félagsmanna um að halda erindi á fjarfræðslufundum, 2) bréf til félagsmanna Nordic Baltic samtakanna um fyrirhugaða ráðstefnu og svo 3) uppkast af bréfi til fræðslueininga innan þeirra fyrirtækja og stofnana, sem við teljum til okkar markhóps fyrsta kastið. Þá var ákveðið að senda Fréttaskot á alla félagsmenn og segja frá: 1) fundargerð starfsfundarins á Akureyri, 2) undirbúningur að ráðstefnu hafinn sem haldin verður í janúar 2014, 3) bjóða félagsmönnum að halda erindi á fjarfræðslufundi og 4) Leikn átti ekki fulltrúa á fundi fullorðinsfræðsluaðila í Kaupmannahöfn sl. sumar.

Fundi slitið kl. 15.45

Fundargerð ritaði HAA